

Kirkjuþing 2022-2023

5. mál - þskj. 5

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Húsavíkur-, Grenjaðarstaðar- og Skútustaðaprestaköll, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, sameinast í eitt nýtt prestakall, Þingeyjarprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Biskupafundur leggur hér fram tillögu að sameiningu Húsavíkur-, Grenjaðarstaðar- og Skútustaðaprestakall, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi í eitt prestakall, Þingeyjarprestakall. Gert er ráð fyrir því að þrír prestar þjóni í hinu nýja prestakalli.

Biskupafundur samþykkti að kynna og fá umsagnir úr héraði um tillögu að sameiningu prestakallanna. Biskup sendi viðkomandi prestum og sóknarnefndum bréf, dags. 22. ágúst 2022 þar sem málið var kynnt og kallað er eftir umsögnum. Í bréfinu kom fram að biskupafundur tæki ákvörðun um það hvort tillagan eða aðrar sem kunna að koma frá heimafólki fari sem mál fyrir kirkjuþing sem hefst þann 22. október n.k. Fram kom að tillagan byggist á þeirri stefnu biskupafundar að sameina prestaköll og efla samvinnu presta sín í milli.

Biskupafundur hefur frá árinu 2018 unnið að stefnumótun um nýskipan prestakalla á landsvísu. Héraðsmódelið svokallaða er fyrirmyndin, en hún er byggð á samvinnu presta og sérstakri ábyrgð hvers og eins á ákveðnum sóknum í prestakallinu og ábyrgð hvers og eins í ákveðnum málaflokkum. Nafngift þessi á rætur að rekja til sameiningar fjögurra prestakalla á Héraði á Austurlandi.

Kostir stærri prestakalla eru:

- a. betri og fjölbreytilegri þjónusta fyrir sóknarbörn, sem fá aðgang að fleiri prestum
- b. meiri sérhæfing prestsþjónustunnar
- c. betra starfsumhverfi prestanna með jöfnun þjónustubyrði
- d. betri nýting fjármuna og annarra auðlinda

Umsögn barst frá héraðsfundi Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis sem haldinn var þann 27. ágúst síðastliðinn vegna tillögu biskupafundar um sameiningu Húsavíkur-, Grenjaðarstaðar- og Skútustaðaprestakalla. Umsögnin er svohljóðandi:

Héraðsfundur Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis haldinn á Húsavík 27. ágúst 2022 tekur jákvætt í tillögu biskupafundar um sameiningu Húsavíkur- Grenjaðarstaðar- og Skútustaðaprestakalls og hvetur til þess að málið verði unnið áfram í nánú samstarfi við þær sóknir og prestaköll sem hlut eiga að máli. Héraðfundurinn leggur áherslu á að sameining verði til eflingar á starfi kirkjunnar og hafi ekki í för með sér skerðingu á þjónustu kirkjunnar á svæðinu, með fækkun stöðugilda.

Í ljósi ofangreindrar umsagnar ákvað biskupafundur að leggja fram málið með greinargerð á kirkjuþingi 2022-2023.